

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1941.

*Lög um Búnaðarbanka Íslands*, undirskrifuð af ríkisstjóra 7. nóvember 1941, nr. 115.

*Lög um útgáfu krónuseðla*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 116.

*Opið bréf ríkisstjóra Íslands um þingslit*, undirskrifað af ríkisstjóra 21. nóvember 1941, nr. 117.

*Reglugerð um viðauka við reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 8 frá 9. okt. 1912*, undirskrifuð af ríkisstjóra 9. desember 1941, nr. 118.

### **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Rang- árvallasýslu, um flutning þingstaðar.** 164 26. sept.

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, og beiðni hreppsnefndarinnar í Vestur-Eyjafjallahreppi, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Yzta-Skála í samkomuhúsið að Heimalandi, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

### **Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll af efni til að vatnspétta með steinsteypu.** 165 28. okt.

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefur ákveðið að fyrst um sinn, þar til er öðruvísi verður ákveðið, skuli tolla efni til að vatnspétta steinsteypu með 7 auru vörumagnstolli á kg og 8% verðtolli.

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð Kennaraskólans í Reykjavík nr. 82 frá 19. júlí 1934

166  
1. okt.

#### 4. gr.

Önnur lína gr. orðist svo: Að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé að jafnaði fullra 18 ára ...

#### 10. gr.

Framan við 16. lið bætist:

Nemendur skulu geta sungið og leikið eftir nótum einrödduð algeng lög á eitt-hvert hljóðfæri og hafa numið undirstöðuatriði almennrar söngfræði. Undanþágu frá þessu námi getur skólastjóri veitt í samráði við söngkennarann, ef nemandi telst ekki hæfur til námsins.

#### 11. gr.

Fjórða málsg. byrji svo: Auk æfingastundanna sjálfra skal hver nemandi þriðja bekkjar, þegar þess er kostur, kenna og stjórna ...